

<b>Tillaga</b>	A 1974/UVU
<b>Flytjandi</b>	Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin
<b>Afgreiðsla</b>	Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

## Nefndartillaga um norrænu landamæranefndirnar

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

- að tillaga landamæranefndanna „Landamæranefndir framtíðarinnar 2.0“ skuli liggja til grundvallar hönnunar byggðasviðs Norrænu ráðherranefndarinnar á samstarfsáætlun fyrir tímabilið 2025–2030
- að gera grein fyrir hvers vegna Norræna ráðherranefndin telur að landamæranefndirnar skuli starfa á samkeppnismarkaði

### Bakgrunnur

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin hefur fylgst með vinnu Norrænu ráðherranefndarinnar að gerð nýrrar samstarfsáætlunar fyrir tímabilið 2025–2030. Nefndin hefur frá árinu 2021 verið í stöðugu samráði við bæði byggðasvið og landamæranefndir Norrænu ráðherranefndarinnar.

Byggðasvið Norrænu ráðherranefndarinnar hefur í tengslum við gerð nýrrar samstarfsáætlunar fyrir tímabilið 2025–2030 falið utanaðkomandi ráðgjafastofu (WSP í samstarfi við Teknologisk institut) að gera úttekt á samstarfi milli landamærasvæða á Norðurlöndum og útbúa tillögu um nýtt samstarfslíkan.

Nefndin er ekki sammála niðurstöðum skýrslunnar. Fyrst og fremst að því er varðar tillöguna um að á gildistíma næstu áætlunar verði núverandi landamæranefndir settar á samkeppnismarkað með opnu útboðsferli, en þá er hætt við því að landamæranefndir sem hafa mikla reynslu af pólitísku samstarfi milli landamærasvæða, með skýrum markmiðum um norrænt notagildi, fái minni forgang í stað skammtímamarkmiða og lausna sem ekki hafa tengingu við byggðapróun. Landamæranefndir eru innviðir sem lýðræðislega kjörnir aðilar hafa falið að vinna að því að samþætta Norðurlöndin.

Byggðasvið Norrænu ráðherranefndarinnar ætti í samstarfsáætluninni að líta á landamæranefndirnar sem úrræði til að uppfylla framtíðarsýnina um Norðurlönd sem sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030. Meðal annars með því að, í stað



Þess að setja landamæranefndirnar á samkeppnismarkað, auka tilföng þeirra til þess að þær komi að þverfaglegu starfi innan sviða Norrænu ráðherranefndarinnar, þar sem starfið og áskoranirnar eru álíka á bæði norrænum/landsbundum vettvangi og staðbundnum/svæðisbundnum vettvangi. Þannig skapast sem mest norrænt notagildi.

Landamæranefndirnar hafa mótað aðra leið í stað opins útboðsferlis.

Landamæranefndirnar lögðu fram þessa tillögu um samstarfssamning og framtíð landamæranefndanna 2.0 fyrir fund embættismannanefndarinnar um byggðapróun árið 2023. Nefndin telur þessa tillögu vera í fullu samræmi við formennskuáætlun Svíþjóðar fyrir Norrænu ráðherranefndina 2024, sem stafar í þágu samþættra Norðurlanda án stjórnýsluhindrana.

Nefndin telur að tillaga landamæranefndanna „Landamæranefndir framtíðarinnar 2.0“ skuli liggja til grundvallar hönnunar byggðasviðs Norrænu ráðherranefndarinnar á samstarfsáætlun fyrir tímabilið 2025–2030.

Stokkhólmi, 6. febrúar 2024

*Kjell-Arne Ottosson (KD)*

*Markku Siponen (C)*

*Sandra Listerby (Lib)*

*Lars-Christian Brask (LA)*

*Gunilla Carlsson (S)*

*Juha Viitala (sd)*

*Anna Vikström (S)*

*Per-Arne Håkansson (S)*

*Odd Harald Hovland (A)*

*Ann-Sofie Alm (M)*

*Alexandra Anstrell (M)*

*Lars Püß (M)*

*Liv Kari Eskeland (H)*

*Ann-Christine From Utterstedt (SD)*

*Minna Reijonen (saf)*

*Erling Eidesgaard (T)*

*Orri Páll Jóhannsson (VG)*

*Tor André Johnsen (FrP)*